

Faggildingarsvið Hugverkastofu

04 252

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstremisýfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Faggildingarsvið Hugverkastofu

kt. 520319-2120

Katrínartún 4, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Faggildingarsvið Hugverkastofu er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs.

Faggildingarsvið er sjálfstætt starfandi svið innan Hugverkastofunnar og er starfsemi þess fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Faggildingarsvið ber einnig nafnið ISAC sem er skammstöfun á ensku heiti sviðsins, Icelandic Board for Technical Accreditation.

Helstu verkefni eru vegna faggildingar en sviðið hefur einnig það verkefni að meta tilnefnda aðila og annast málefni er lúta að reglum OECD um góðar starfsvenjur við rannsóknir (GLP).

Starfsemin fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 92,9 milljónir og afkoma kr. -2,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 3,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 18,9 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Faggildingarsviðs Hugverkastofu fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Aðrar ríkistekjur	2	28.108.970	19.012.377
Tekjufærsla fjárveitinga	3	64.400.000	43.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	354.637	259.853
Tekjur samtals		<u>92.863.607</u>	<u>62.372.230</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	58.153.347	55.216.335
Annar rekstrarkostnaður	5	36.331.204	29.458.991
Afskriftir og niðurfærslur	6	354.637	259.853
Gjöld samtals		<u>94.839.188</u>	<u>84.935.179</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(1.975.581)	(22.562.949)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		0	753
		<u>0</u>	<u>753</u>
Afkoma ársins		<u>(1.975.581)</u>	<u>(22.562.196)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		(1.975.581)	(22.562.196)
		<u>(1.975.581)</u>	<u>(22.562.196)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Handbært fé		0	753
Skammtímakröfur	7	18.533.365	13.704.321
Tengdir aðilar	8	0	3.557.414
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	297.128	642.549
Óefnislegar eignir	10	33.812	43.028
Eignir samtals		<u>18.864.305</u>	<u>17.948.065</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	11	5.953.875	9.885.312
Tengdir aðilar	8	6.509.323	31.428
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		2.580.613	2.235.250
Skuldir samtals		<u>15.043.811</u>	<u>12.151.990</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		3.820.494	5.796.075
Eigið fé			
Hrein eign		3.820.494	5.796.075
Eigið fé samtals	12	<u>3.820.494</u>	<u>5.796.075</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>18.864.305</u>	<u>17.948.065</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(1.975.581)	(22.562.196)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	354.637	259.853
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(354.637)	(259.853)
		<u>(1.975.581)</u>	<u>(22.562.196)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(4.829.044)	(6.743.234)
Tengdir aðilar		10.735.309	24.232.453
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(3.931.437)	4.195.323
		<u>1.974.828</u>	<u>21.684.542</u>
		<u>(753)</u>	<u>(877.654)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(46.100)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	0	(317.668)
		<u>0</u>	<u>(363.768)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	363.768
		<u>0</u>	<u>363.768</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(753)	(877.654)
		<u>753</u>	<u>878.407</u>
		<u>0</u>	<u>753</u>
		<u><u>0</u></u>	<u><u>753</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	44.100.000	700.000	44.800.000
Fjáraukalög	20.000.000	0	20.000.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	64.100.000	700.000	64.800.000
Launabætur	300.000	0	300.000
Fjárveiting ársins	64.400.000	700.000	65.100.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	5.796.075	1.549.673	7.345.748
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	70.196.075	2.249.673	72.445.748
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(66.375.581)	0	(66.375.581)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	3.820.494	2.249.673	6.070.167

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	330.940	685.577
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	2.249.673	1.549.673
	2.580.613	2.235.250

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stað í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2025	2024
2 Aðrar ríkistekjur		
Neyslu- og leyfisgjöld	28.108.970	19.012.377
	<u>28.108.970</u>	<u>19.012.377</u>
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla fjárveitinga	64.400.000	43.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	354.637	259.853
	<u>64.754.637</u>	<u>43.359.853</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	44.100.000	0	0	44.100.000
Fjárukalög	20.000.000	0	0	20.000.000
Launabætur	300.000	0	0	300.000
Fjárveiting til tekna	64.400.000	0	0	64.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(66.375.581)	0	0	(66.375.581)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(1.975.581)	0	0	(1.975.581)

	2025	2024
4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	47.867.230	44.211.650
Breyting á áföllnu orlofi	(786.032)	1.072.488
Launatengd gjöld	<u>10.571.764</u>	<u>9.651.197</u>
Samtals launakostnaður	57.652.962	54.935.335
Starfsmannakostnaður	<u>500.385</u>	<u>281.000</u>
	<u>58.153.347</u>	<u>55.216.335</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	3,6	3,3
------------------------------	-----	-----

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	20.203	0
Ýmis tæki og áhöld	56.576	328.554
Orkugjafar	16.049	0
Matvæli	353.176	308.426
Almennar rekstrarvörur	2.586	690
Vörukaup, almenn	<u>448.590</u>	<u>637.670</u>
Fundir, námskeið, risna	1.843.117	676.883
Ferðir, uppihald	4.799.452	3.151.693
Akstur	310.120	205.547
Sérfræðiþjónusta	21.381.262	15.498.141
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	89.790	33.181
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	127.000	203.309
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	0	992.000
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>28.550.741</u>	<u>20.760.754</u>

Skýringar

5 Annar rekstrarkostnaður, frh.	2025	2024
Afnotagjöld	120.925	307.637
Leigugjöld	10.948	2.930
Kostnaðarhlutdeild	7.200.000	7.750.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	7.331.873	8.060.567
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>36.331.204</u>	<u>29.458.991</u>

6 Afskriftir og niðurfærslur

Áhöld, tæki og búnaður	345.421	256.781
Niðurfærsla óefnislegra eigna	9.216	3.072
	<u>354.637</u>	<u>259.853</u>

31.12.2025 **31.12.2024**

7 Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	18.533.365	13.704.321
	<u>18.533.365</u>	<u>13.704.321</u>

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	(6.509.323)	3.557.414
Skuldir við tengda aðila	0	(31.428)
	<u>(6.509.323)</u>	<u>3.525.986</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	297.128	642.549
	<u>297.128</u>	<u>642.549</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	1.525.767	0	0	0	1.525.767
Viðbætur á árinu	0	0	0	0	0
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>1.525.767</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.525.767</u>
Afskriftir 01.01.2025	883.218	0	0	0	883.218
Afskrift ársins	345.421	0	0	0	345.421
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>1.228.639</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.228.639</u>
Staða 31.12.2025	<u>297.128</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>297.128</u>

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
10 Óefnislegar eignir		
Hugbúnaður	33.812	43.028
	<u>33.812</u>	<u>43.028</u>
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2025		<u>46.100</u>
		<u>46.100</u>
Niðurfært 01.01.2025		3.072
Niðurfærsla ársins		9.216
		<u>12.288</u>
Staða 31.12.2025		<u>33.812</u>
	31.12.2025	31.12.2024
11 Aðrar skuldir		
Áfallið og ógreitt orlof	5.799.392	6.585.424
Viðskiptaskuldir	154.483	2.172.089
Ýmsar skuldir	0	1.127.799
	<u>5.953.875</u>	<u>9.885.312</u>
12 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	5.796.075	28.358.271
Afkoma ársins	(1.975.581)	(22.562.196)
Jöfnuður 31.12.	<u>3.820.494</u>	<u>5.796.075</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.